



Hafberg Þorisson
Lambhagavegi 23
113 Reykjavík - Iceland
Mobile +354 895 4141

Reykjavík, 27. apríl 2022

Bæjarráð Mosfellsbæjar

Málefni: Lundur í Mosfellsdal - umsókn um afnot af landspildu.

Laufskálar fasteignafélag ehf, kt. 701216-0750, óskar eftir því við Mosfellsbæ að kaupa, eða leigja til langs tíma, landspildu norðan núverandi lands Lundar í Mosfellsdal þar sem nú hefur verið reist gróðrarstöð.

Landspildan sem um ræðir, og kemur fram á meðfylgjandi yfirlitsmynd, er um 60m breið og fylgir norðurmörkum lands Lundar, tæplega 1,4ha að flatarmáli.

Ætlunin er að vinna gróðurmold úr úrgangi gróðrarstöðvarinnar til áframhaldandi ræktunar og er markmiðið að stöðin verði sjálfbær hvað snertir jarðveg til ræktunarinnar. Ávinningurinn við þetta er að ekki þarf að flytja inn mold erlendis frá með ærnum tilkostnaði og talsverðu kolefnisspori.

Til þess að sem mest hagkvæmni náist þarf jarðgerðin að vera sem næst gróðrarstöðinni þannig að hægt verði að nota færibönd við starfsemina í stað þess að nota flutningstæki á hjólum ef jarðgerðin fer fram lengra frá gróðrarstöðinni.

Skemman sem reisa þarf til starfseminnar er um 2.000m², einföld, gluggalaus bygging með mænispaki, mænishæð ekki meiri en hæð gróðurhúsanna vestan til á svæðinu (6,7m).

Meðfylgjandi uppdráttur gefur hugmynd um hvernig tilhögun á lóðinni getur verið.

Með bestu kveðjum

Hafberg Þorisson